

Fjallabyggð



Bóka- og
héraðsskjalasafn



Bókasafn



Héraðsskjalasafn



Upplýsingamiðstöð

Ársskýrsla 2017

Fyrir árið 2016

Hrönn Hafþórsdóttir
Forstöðukona bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar

Gránugata 24
580 Siglufjörður
Ólafsvegur 4
625 Ólafsfjörður

S. 464-9120
S. 464-9215
S. 467-1555

bokasafn@fjallabyggd.is
skjalasafn@fjallabyggd.is
info@fjallabyggd.is

Efnisyfirlit

Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið	3
Afgreiðslutími	3
Starfsfólk Bókasafns Fjallabyggðar 2016	3
Húsnæðismál	4
Rekstur safnsins og fjárveitingar	4
Gjafir til Bókasafns Fjallabyggðar	4
Safnkostur	5
Flokkun og skráning	5
Útlán.....	5
Gestir.....	6
Helstu verkefni 2016	7
Viðburðir, sýningar og gjafir.....	8
Héraðsskjalasafn.....	9
Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið.....	9
Húsnæðismál.....	9
Rekstur og fjárveitingar.....	9
Mannauður	10
Helstu verkefni	10
Upplýsingamiðstöð ferðamála Fjallabyggð	11
Opnunartími.....	11
Rekstur og fjárveitingar.....	11
Mannauður	11
Ferðamenn.....	12
Algengar fyrirspurnir ferðamanna	13
Helstu breytingar	13

Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið

Bókasafn Fjallabyggðar er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar samkvæmt gildandi lögum um almenningsbókasöfn, yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (Unesco) um almenningsbókasöfn og menningarstefnu Fjallabyggðar. Markmið þess er að vera íbúum bæjarins miðstöð upplýsinga, menntunar, menningar og afþreyingar með því að bjóða upp á aðgengi og útlán á fjölbreyttu úrvali bóka og tímarita auk stafrænna upplýsinga. Aukin áhersla er lögð á barnastarf, þ. á. m. sögustundir, safnkynningar, þjónustu við leik- og grunnskóla Fjallabyggðar, skipulagða menningarstarfsemi fyrir almenning og góða aðstöðu til náms og margt fleira.

Afgreiðslutími

1. september – 31. maí: Opið alla virka daga:

Ólafsfirði frá kl. 13.00 - 17.00

Siglufirði frá kl. 13.30 - 17.00

1. júní – 31. ágúst: Opið virka daga frá kl 09.00 - 17.00. Helgar frá kl. 11.00 - 15.00.

Lokað á sunnudögum í upplýsingamiðstöð Ólafsfirði

Starfsfólk Bókasafns Fjallabyggðar 2016

Á bóka- og héraðsskjalasafninu eru fjórir fastráðnir starfsmenn í tæpum þremur stöðugildum. Í lok árs var einn starfsmaður í 50% starfi og einn starfsmaður í 90% starfi. Að auki er einn starfsmaður í 50% starfi við héraðsskjalasafnið og svo forstöðukona í 50% starfi sem héraðsskjalavörður og 50% starfi við bókasafnið. Starfsmenn voru ráðnir í sumarafleysingar, 50% staða á Ólafsfirði og 2x50% stöður á Siglufirði vegna Upplýsingamiðstöðvar.

Starfsmenn árið 2016

Anna Hulda Júlíusdóttir skjalavörður 50%. Hrönn Hafþórsdóttir forstöðukona 50% + 50% . Hulda Vilhjálmsdóttir 50% sumarstarf bókavörður og upplýsingamiðstöð Ólafsfirði. Jódís Jana Helgadóttir 50% sumarstarf upplýsingamiðstöð og bókavörður Siglufirði. Ingi Reyndal, 50% sumarstarf upplýsingamiðstöð og bókavörður Siglufirði. Ragnar Haukur Sverrisson 50% sumarstarf Siglufirði. Sigríður Sigurjónsdóttir 50% starf bókavörður Siglufirði. Vilhjálmur Hróarsson 90% starf bókavörður, starfsmaður stjórnslu (0%) starfshlutfall og 10% starfsmaður Upplýsingamiðstöðvar Ólafsfirði.

Húsnæðismál

Bókasafnið í Ólafsfirði er til húsa að Ólafsvægi 4 (gamla stjórnarsýsluhúsinu). Neðri hæð hýsir nýjar og nýlegar bækur ásamt afgreiðslu og á efri hæð eru eldri bækur, setustofa og fundaraðstaða. Hluti efri hæðar og anddyri er þó enn samnýtt með stjórnarsýslunni. Engar breytingar hafa orðið á húsakosti og aðstöðu frá fyrra ári.

Bókasafnið á Siglufirði er til húsa að Gránugötu 24 eins og hefur verið síðustu 50 ár. Meirihluti hillubúnaðar og húsgagna bókasafnsins er jafngamall. Litlu sem engu hefur verið eytt í viðhald síðustu ár og brýnt er að fara að huga að viðhaldi. Gluggar leka, gólfefni er ónýtt, hillubúnað og húsgögn þyrfti einnig að taka í gegn og laga. Þetta er óbreytt frá fyrra ári og hefur engu viðhaldi verið sinnt á árinu og **reyndar ekki neitt viðhald sem hefur átt sér stað þessi þrjú ár sem undirrituð hefur verið við störf.**

Rekstur safnsins og fjárveitingar

Áætluð rekstrargjöld Bókasafns 2016 með nýtingu tekna voru kr. 26.764.000

Framlag Fjallabyggðar til Bókasafns Fjallabyggðar varð kr. 27.811.524 kr.* eða kr. 1.047.524 yfir áætlun. Frávik frá fjárhagsáætlun eru tilkomin vegna framúrkeyrslu á launalið vegna þess að bætt var við starfsmanni við ræstingar á húsnæði í Ólafsfirði. Þessi starfsmaður hafði áður verið á launum hjá stjórnarsýslunni og því var ekki gert ráð fyrir honum þegar launaáætlun var gerð. Einnig voru frávik vegna nýrra kjarasamninga og greiðslna vegna yfirvinnu. Reynt var að halda niðri öðrum liðum eins og hægt var en það verður erfiðara og erfiðara því bókasafninu er ákaflega þröngur stakkur skorinn.

Gjafir til Bókasafns Fjallabyggðar

Velunnarar bókasafnsins færðu því veglegar bóka- og tímaritagjafir á árinu. Tæplega 4.100 bækur og 200 tímarit voru gefin safninu. Eru þessar bækur notaðar til að skipta út gömlum óhreinum og rifnum bókum og einnig eru margar af þessum gjafabókum eintök sem bókasafnið átti ekki. Þegar teknar eru saman þær bækur sem safnið fær að gjöf og bækur sem eru hér fyrir í geymslu bókasafnsins og eru líka notaðar til að skipta út gömlum skítugum eintökum má áætla að ríflega 3.000 gömlum, rifnum og óhreinum bókum hafi verið hent á árinu fyrir aðrar betri

*Með fyrirvara

Safnkostur

Safnkostur sem skráður er í Gegni- samskrá bókasafna var:

Í Desember 2014

Bókasafnið Siglufirði 20.438 eintök – Bókasafnið Ólafsfirði 14.895 eintök

Í Desember 2015

Bókasafnið Siglufirði 24.828 eintök – Bókasafnið Ólafsfirði 15.437 eintök

Í Desember 2016

Bókasafnið Siglufirði 27.064 eintök – Bókasafnið Ólafsfirði 15.806 eintök

Flokkun og skráning

Tengdum eintökum í Gegni- samskrá bókasafna hefur fjölgað um 2.605 á árinu og fer þeim fækkandi bókunum sem enn eru ótengdar. Mestmegnis eru eftir gamlar bækur og líkur vonandi þeirri vinnu á árinu 2017. Mikil vinna er enn framundan með tímarit sem bókasafnið á Siglufirði á. Ekkert af eldri tímaritakosti bókasafnsins á Siglufirði var skráð í Gegni og hófst vinna við það á árinu 2015, unnið var við tímaritin eftir því sem tími vannst til og verður henni framhaldið á árinu 2017. Grisjun hefur verið framkvæmd jafnhliða og aukaeintökum hent. Allt upp í 17 eintökum af sama blaðinu. Búið er að fara yfir og grísa í um það bil 60 titlum en það má áætla að öllu óbreyttu að þessi vinna taki næstu tvö árin í það minnsta.


Keyptar voru 265 nýir titlar á árinu ýmist tvö eintök eða eitt. Reynt var að kaupa sem flestar íslenskar bækur. Samtals voru keypt 476 eintök sem skiptust á bæði bókasöfnin. Lítið sem ekkert er keypt inn af bókum á erlendum tungumálum. Einnig voru keypt tímarit og hljóðbækur í litlu magni þó.

Útlán


Bókasöfn Fjallabyggðar lána út bækur, hljóðbækur og tímarit. Ekki er um útlán á tónlist eða DVD myndum að ræða.

Útlán á árinu 2016 voru alls 9.911 (S 5.631/Ó 4.280) sem er fækkun frá árinu áður. Árið 2015 voru útlán samtals 10.384 (S 6.064/Ó 4.310). Árið áður eða 2014 voru útlánin 9.181 (S 5.701/Ó 3.480).

Útlánin eru um 473 útlánnum færri en á árinu 2015 eða tæplega 5%.




Gestir



Lánþegar með gild lánþegaskírteini voru 332 (S 192/Ó 140) sem er aukning frá fyrra ári en þá voru lánþegar með gild skírteini 321.

Samkvæmt talningu voru lánþegakomur 11.034 (S 7.608/Ó 3.426). Inni í þessum tölum eru einnig aðrir gestir þ.e. skólahópar í safnkynningu, leikskólabörn, viðskiptavinir á bókamarkaði, gestir á hannyrðakvöldum og öðrum uppákomum. Gestir sem sóttu Upplýsingamiðstöð eru ekki inni í þessum tölum.

Heildarfjöldi gesta sem heimsóttu bókasöfnin á árinu 2016 var samtals 11.034. Heildar gestafjöldi safnanna hefur minnkað lítillega eða um 84 milli ára. Geta má þess að heildar gestafjöldi fór í fyrsta skipti yfir 10.000 manns á árinu 2015 og er afar ánægjulegt að aukning á gestafjölda hefur ríflega tvöfaldast síðan árið 2013.



Helstu verkefni 2016

1. Áfram var unnið við tiltekt og grisjun í geymslum safnsins. Bækur eldri en 1970 voru teknar úr hillum og skráðar í kassa þannig að þær séu leitarbærar í Gegni. Kassar með tengdum bókum eru orðnir 155 talsins.
2. Fínroðun og þrif á hillum er alltaf tvisvar á ári.
3. Merkingum á hillum í útlánasal er lokið. Raðað er eftir Dewey- kerfinu og merkt samkvæmt því. Í skáld- og ævisöguhillur er þó raðað eftir stafrófinu.
4. Tengingu óskráðra safngagna í Gegni var haldið áfram og telur nú safnkosturinn 42.870 eintök en það er fjölgun um 9.161 eintök frá því í lok árs 2013 þegar skráð eintök voru 33.709.
5. Mikið af gjafabókum og tímaritum barst á árinu eða 4.046 bækur og 189 tímarit og er mikil vinna fólgin í því að yfirfara og tengja. Þrátt fyrir það koma þessar gjafir sér afar vel. Þær eru fyrst og fremst notaðar til að skipta út gömlum og lélegum bókum fyrir aðrar betri en einnig fáum við þó nokkuð af bókum sem safnið á ekki. Sem dæmi má nefna að af stórrí bókgjöf sem taldi 1.348 bækur frá einum velunnara þá var hægt að skipta út 723 bókum, 180 bækur áttum við ekki, 208 bækur fóru á bókasafnið í Ólafsfirði, 235 fóru í sölu og 2 var hent.

6. Hraunasafnið: Leitast hefur verið við að safna saman bókum úr Hraunasafninu en lítill tími hefur gefist til að fara yfir bókakostinn. Stöðugt finnast þó fleiri bækur úr Hraunasafninu og er það vel.
7. Viðburðir: lögð hefur verið áhersla á að bjóða upp á hinu ýmsu viðburði. Þar má nefna bókamarkaði, upplestur, safnakynningar, hannyrðakvöld, sögustundir, föndur og sýningar.
8. Átak í samvinnu við Grunnskóla Fjallabyggðar. Á árinu var byrjað á sameiginlegu verkefni grunnskólans og bókasafnsins. Börn úr neðri bekkjum grunnskólans eiga orðið fasta tíma á bókasafninu bæði á Siglufirði og Ólafsfirði. Börn á Siglufirði koma í þremur hópum fast alla mánudagsmorgna og á þriðjudögum og miðvikudögum heimsækja yngri bekkir í Ólafsfirði bókasafnið þar. Unnin eru fjölbreytt verkefni, lesnar sögur og svo er frjáls tími sem börnin geta notað til lesturs og leikja.

Viðburðir, sýningar og gjafir

Munir sem hafa fundist hér við tiltekt eru til sýnis í glerskápum. Á árinu færðu hjónin Björg Einarsdóttir og Njörður Jóhannsson bókasafninu til eignar tvö af bátalíkönunum sem Njörður hefur smíðað og eru þau nú til sýnis á bókasafninu. Einnig fékk bókasafnið að gjöf fuglasafn og prýða fuglarnir nú hillur á barnadeild bókasafnsins. Ekki má gleyma að nefna „Reiti“, félagar úr Reitum hafa núna tvö síðustu ár fært bókasafninu að gjöf listaverka- og hönnunarbækur ýmiskonar og eru bækurnar sem þeir hafa gefið orðnar meira en 100 talsins. Þessar bækur eru flott viðbót í flóru safnsins. Það voru 35 aðilar sem færðu safninu bækur að gjöf og færum við öllum velunnurum safnsins hjartans þakkir fyrir gjafirnar sem bárust á árinu.

Sögustundir voru fyrir leikskólabörn, börn úr yngri deildum grunnskólans voru einnig dugleg að mæta á sögustundir fyrri hluta ársins.

Hannyrðakvöldin sem eru annað hvert þriðjudagskvöld yfir vetrartímamann eru alltaf vel sótt og eru það að jafnaði um 15 gestir sem að sækja hvert hannyrðakvöld. Bókamarkaðir voru haldnir um páskana og verslunarmannahelgina og voru yfir 400 manns sem sóttu þá.

Héraðsskjalasafn

Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið

Lögbundið hlutverk Héraðsskjalasafns Fjallabyggðar er að taka við skjölum afhendingarskyldra aðila, þ.e. sveitarfélaga og stofnana þeirra, skrá skjölin og varðveita þau á viðurkenndan hátt. Héraðsskjalasafnið tekur einnig við einkaskjölum, t.d. bréfasöfnum, dagbókum og ljósmyndum einstaklinga eða skjölum félaga og fyrirtækja. Héraðsskjalasafnið hefur verið starfrækt á Siglufirði í hart nær 30 ár eða frá 18. ágúst 1984 en frá árinu 2006 undir merkjum sameiginlegs sveitarfélags Fjallabyggðar. Ekki hefur verið tími né mannskapur til að sinna skjalasafninu sem skyldi í gegnum árin en eins og máltækið segir „kemst þó hægt fari“. Það eru ekki öll sveitarfélög sem búa svo vel að hafa héraðsskjalasafn og það er mikils virði að aðgengi að skjölum og öðrum upplýsingum sé í nærumhverfi og fólk er að verða meðvitaðra um það og því á meginmarkmið okkar að vera það að gera héraðsskjalasafnið þannig úr garði að við getum verið stolt.

Húsnæðismál

Héraðsskjalasafnið er staðsett á annarri hæð ráðhússins að Gránugötu 24 á Siglufirði. Þar er vinnuaðstaða skjalavarðar í einu herbergi sem áður var yfirfullt af gömlum tímaritum í eigu bókasafnsins og plássið ekkert. Við grisjun tímaritanna hefur skapast pláss til að hægt sé að losa úr skjalageymslu með því að aðgreina einkaskjalasöfn og opinber skjalasöfn.

Skjalageymsla sjálf er yfirfull og þrengsli mikil, í raun það mikil að ekki er hægt að fara á milli skjalaskápanna sem eru á hjólum og renna alltaf til baka þar sem gólf hallar mikið. Nú er svo komið að það pláss sem við höfum er uppurið og er miklum vandkvæðum bundið að ganga frá skjalakössum.

Aðstaða og aðgengi fyrir gesti héraðsskjalasafns þarf að bæta en nú er eingöngu aðstaða á fyrstu hæð í almenningsbókasafninu. Engin ákveðinn opnunartími er á héraðsskjalasafninu. Afgreiðslutími er eftir samkomulagi við starfsmenn héraðsskjalasafns. Eitt stöðugildi er við héraðsskjalasafnið sem skiptist á milli tveggja starfsmanna.

Rekstur og fjárveitingar

Áætluð rekstrargjöld héraðsskjalasafns 2016 með nýtingu tekna voru kr. 6.358.000 sem er kr. 230.000 kr. minna en árið áður en þá voru áætluð rekstrargjöld með nýtingu tekna kr. 6.566.000 .

Framlag Fjallabyggðar til héraðsskjalasafns varð kr. 6.555.814 eða 197.814 kr yfir fjárhagsáætlun og skýrist það fyrst og fremst vegna þess að í fjárhagsáætlun er ekki gert ráð fyrri ferðakostnaði og/eða gistingu en hjá því verður ekki komist að sækja ráðstefnur og námsskeið fyrir héraðsskjalaverði sem alltaf eru allavega tvisvar á ári og eru mikilvægur þáttur í símenntun starfsmanna.

Mannauður

Nýr starfsmaður héraðsskjalasafns, Anna Hulda Júlíusdóttir tók til starfa á árinu þegar Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir lét af störfum í lok febrúar.

Helstu verkefni

Helsta verkefni skjalavarðar á árinu var vinna við skráningu opinberra skjala frá Ólafsfirði. Markviss vinna hófst við skipulagningu og skráningu skjala Ólafsfjarðar og var byrjað á fundagerðum ráða og nefnda. Mikið verk er óunnið og verður því framhaldið á árinu 2017. Flestar aðrar afhendingar var reynt að flokka og skrá jafnóðum og þær bárust. Skráningar voru gerðar á 48 mismunandi flokka (Félög, einstaklinga eða fyrirtæki) og hillumetrar sem bættust við eru ca. 130 metrar.

Má alveg geta þess hér að á árinu átti sér stað fyrsta formlega afhending einkaskjalasafns frá Ólafsfirði. Héraðsskjalasafnið er alltaf að verða meira og meira sýnilegt og fyrirspurnir og afhendingar hafa aukist mikið. Árið 2013 voru afhendingar 13, árið 2015 voru afhendingar 30 en á árinu 2016 voru afhendingar 57 talsins. Þar af voru 24 afhendingar frá einkaaðilum og stofnunum en 33 afhendingar frá forðstöðukonu bókasafns. Eru þær afhendingar til komnar vegna þeirra skjala og gagna sem finnast við tiltekt og hafa á einhverjum tíma verið afhentar til héraðsskjalasafns en ekki gengið frá á viðeigandi hátt. Hluti einkaskjalasafna í eigu héraðsskjalasafnins eru orðin aðgengileg á vefnum einkaskjalasafn.is og stöðugt bætast fleiri við. Formlegar fyrirspurnir voru 37 talsins ýmist símleiðis eða með tölvupósti. Einnig var nokkuð um það að fólk kæmi og bæði um að fá að sjá ákveðin skjöl. Er ánægjulegt hversu mjög þessum heimsóknnum hefur fjölgað.

Upplýsingamiðstöð ferðamála Fjallabyggð

Sumarið 2016

Opnunartími

Upplýsingamiðstöð ferðamála er opin allt árið. Hún hefur síðustu ár verið staðsett í Bókasafni Fjallabyggðar á Siglufirði og síðustu tvö árin einnig í bókasafninu á Ólafsfirði. Frá 1. júní til 31. ágúst þegar flestir ferðamenn sækja Fjallabyggð heim er opnunartími frá 09.00 - 17.00 virka daga á báðum stöðum og 11.00 - 15.00 um helgar á Siglufirði en eingöngu á laugardögum í Ólafsfirði. Þetta er breyting frá því áður því opnunartími var aukinn og er það vel. Lokað er á stórhátíðardögum. Frá 31.

ágúst til 31. maí er upplýsingamiðstöðin opin á opnunartíma bókasafnsins 13.00 (13.30) - 17.00 virka daga en lokað um helgar. Þess má þó geta að utan hefðbundins opnunartíma hafa bæði forstöðukona og bókaforstjóri í Ólafsfirði haft opið að morgni, þó svo að það sé ekki auglýst, því mikið er um að ferðamenn komi þá.



Mynd. Kristína Berman starfsmaður upplýsingamiðstöðvar sumarið 2014 teiknaði kort með helstu gönguleiðum í Siglufirði.

Rekstur og fjárveitingar

Áætluð rekstrargjöld upplýsingamiðstöðvar 2016 með nýtingu tekna voru kr. 3.032.000 sem er 190.000 kr minna en árið áður en þá voru áætluð rekstrargjöld kr. 3.231.000. Framlag Fjallabyggðar til upplýsingamiðstöðvar varð kr. 2.705.096. Lægri kostnað en áætlað var má fyrst og fremst rekja til samþættingar bókasafnanna og upplýsingamiðstöðva, þannig sparast bæði kostnaður við nauðsynlegan búnað og einnig launakostnaður.

Mannauður

Starfsmenn upplýsingamiðstöðvar, (júní, júlí og ágúst), á Siglufirði voru Ingi Reyndal í 0,5 stöðugildi og Jódís Jana Helgadóttir einnig í 0,5 stöðugildi. Þau Ingi og Jódís sinntu einnig bókaforstjörfum í sumarleyfi Sigríðar Sigurjónsdóttur. Starfsmaður upplýsingamiðstöðvar, (júní, júlí og ágúst), á Ólafsfirði var Hulda Vilhjálmsdóttir í 0,5 stöðugildi og sinnti hún einnig bókaforstjörfum í sumarleyfi Vilhjálms Hróarssonar. Eins og fram kom þá var opið bæði laugardaga og sunnudaga á Siglufirði en lokað var á sunnudögum í Ólafsfirði.

Ferðamenn

Ákveðið var að hefja talningu á ferðamönnum sem sækja Upplýsingamiðstöðina á Siglufirði heim allt árið en ekki frá maí til september eins og tíðkast hefur. Talning ferðamanna hófst 1. janúar á Siglufirði og talið var út árið. Talning ferðamanna hófst 1. maí og lauk 30. september í Ólafsfirði.

Siglufjörður – Ferðamenn

	Jan.-Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Okt.-Des.
Erlendir	X	X	446	535	661	X	X
Innlendir	X	X	29	47	27	X	X
Alls	109	87	475	582	688	157	97

X* Ekki aðgreint eftir þjóðerni

Alls komu 2.195 ferðamenn á Upplýsingamiðstöðina á Siglufirði og er það 43% aukning frá árinu áður

Ólafsfjörður – Ferðamenn

	Jan.-Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Okt.-Des.
Erlendir		X	55	128	58	22	
Innlendir		X	9	21	2	0	
Alls	Ekki talið	18	64	149	60	22	Ekki talið

X* Ekki aðgreint eftir þjóðerni

Alls komu 313 ferðamenn á Upplýsingamiðstöðina í Ólafsfirði á tímabilinu 1. maí – 30. september og er lýtisháttar aukning frá árinu áður þegar 295 ferðamenn sóttu Upplýsingamiðstöðina heim.

Ferðamenn sem heimsóttu upplýsingamiðstöðvarnar voru samtals 2.508 frá öllum heimshornum en Þjóðverjar og Frakkar í miklum meirihluta. Mikil aukning er á komu Bandaríkjamanna og Bretanna og Asíubúar voru duglegri að heimsækja okkur heldur en árið áður.

Þjóðerni sem skráð voru (stafrófsröð)

Ferðamenn frá 36 löndum heimsóttu okkur á árinu og hér eru þau í stafrófsröð.

Austuríki, Ástralía, Bandaríkin, Belgía, Brasilía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Færeyjar, Holland, Hong Kong, Írland, Ísland, Ísrael, Ítalía, Japan, Kanada, Kína, Marokkó, Mexíkó, Noregur, Nýja-Sjáland, Portúgal, Pólland, Rússland, Singapúr, Skotland, Slóvakía, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Suður-Afríka, Taiwan, Tékkland og Þýskaland.

Einungis 135 af ferðamönnum eða tæplega 6% voru Íslendingar, aðrir voru erlendir ferðamenn. Ekki er hægt að kenna um lélegri tíð eins og árið áður. Má leiða líkum að því íslenskir ferðamenn sjái ekki ástæðu til að nota sér upplýsingamiðstöðvar. Mikið var um erlenda puttaferðalanga og nokkuð um óánægju með að engar samgöngur væru á milli Siglufjarðar, Hofsóss og Sauðárkróks.

Algengar fyrirspurnir ferðamanna

Algengustu fyrirspurnirnar voru eins og áður:

Hvar er síldarminjasafnið? og hvar eru gönguleiðir í nágrenninu og er hægt að fá leiðsögn? Einnig var mikið spurt um hvalaskoðun og hestaleigur. Aðrar spurningar voru helstar: Hvar er tjaldstæðið og hvað kostar nóttin þar?, Hvar er hægt að þvo?, Hvar kemst maður í frítt netsamband?, Hvaða staði er vert að heimsækja hér?, Eru bátsferðir á Siglunes?, Hvernig kemst maður á Hóla í Hjaltadal?, Hvernig er veðurspáin?, Hvað kostar dagurinn á skíðum?, Hvar er hægt að kaupa minjagripum um Siglufjörð (ekki síldarminjatengt).

Helstu breytingar

Ekki var um neinar stórvægilegar breytingar að ræða milli ára nema helst að opnunartími var aukinn á Siglufirði. Enn er úrbóta þörf varðandi merkingar svo ferðamenn finni nú Upplýsingamiðstöðina, þó er nú loksins búið að setja upp skilti fyrir framan Ráðhúsið þar sem Upplýsingamiðstöðin er staðsett.

